


Breyting á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014 við Lakagíga



Ljósmynd: Helga Davíðs

GREINARGERÐ OG UMHVERFISSKÝRSLA

Janúar 2008
Br. 12.06.2008

1. Inngangur

1.1 Inngangur

Skipulagsbreytingin nær til Lakagígasvæðisins, þess hluta þjóðgarðsins Skaftafell sem er innan Skaftárhrepps, einnig til nærliggjandi svæða vegna aðkomuleiða akandi og gangandi umferðar.

Forsendur breytinga er ósk um bætтар samgöngur og þjónustu vegna Skaftafells-þjóðgarðs við Lakagíga. Markmið með breytingunum er að tryggja verndun svæðisins og á sama tíma bæta aðgengi og þjónustu við ferðamenn.

Breytingartillaga gerir ráð fyrir nýjum vegi frá Galta í átt að Laufbalavatni sem liggur að mestu um hverfisverndarsvæði. Þess vegna fellur tillagan undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og lög um mat á umhverfisáhrifum 106/2000 sbr. Lið 10 ii í 1. Viðauka, lið 10 c í 2. viðauka og lið 2 iii í 3. viðauka.


Skipulagsgögn sem fylgja aðalskipulagsbreytingunni eru auk þessarar greinargerðar: Skaftárhreppur – aðalskipulag 2002-2014, Breyting á aðalskipulagi við Lakagíga í mælikvarða 1 : 100 000, dags, 12.06.2008.

1.2 Breytingar á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014


Aðalskipulagsbreytingin tekur til eftirfarandi þátta:

1. Núverandi verslunar og þjónustusvæði (V10) við Blágil verður dvalarstaður landvarða og tjaldsvæði.
2. Nýtt verslunar og þjónustusvæði (V11) er staðsett á Galta. Þar verður upplýsingamiðstöð með móttöku landvarða, snyrtiaðstaða en engin gisting.
3. Nýr tengivegur er skilgreindur frá Galta að slóða vestan við Laufbalavatn og þaðan eftir núverandi slóða sem liggur að Miklafelli.
4. Núverandi vegaslóði um þröng og torfarin gil við Blæng verður lagður af.
5. Ný reiðleið fylgir tengiveginum frá Galta að reiðleið vestan við Laufbalavatn.
6. Nýjar gönguleiðir eru skilgreindar frá þjónustuhúsi á Galta að Blágiljum og að Tjarnargíg.
7. Ný gönguleið er skilgreind af Lakagígavegi rétt vestan við Blágil og í Hrossatungur.
8. Gönguleið sem þverar Skaftá er færð frá kláf sunnan við Sveinstind suður fyrir Uxatinda.

Unnið er að endurskoðun á aðalskipulagi Skaftárhrepps. Í þeirri vinnu verður skoðuð útfærsla á áningarstöðum við helstu reiðleiðir sbr. breyting samvinnunefndar Miðhálandisins á leiðbeiningum um skilgreiningu landnotkunar í aðalskipulagi á miðhálandinu (sjá kafla 1.4, lið 2).



Gildandi aðalskipulag Skaftárhrepps við Laka



Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps við Laka



1.3 Breytingar á Svæðisskipulagi Miðhálandisins 2015

Vegna breytinga á aðalskipulagi Skaftárhrepps eru eftirfarandi breytingar gerðar á svæðisskipulagi Miðhálandisins:

1. Gerðar eru breytingar á kafla 13.4 Samgöngur. Í kafla 13.4.3 Einkavegir og aðrar ökuleiðir, gerð er breyting á vegi 1. Miklafellsvegi, leið inn að Miklafelli og Blængi. Miklafellsvegur færir upp um flokk og verður fjallvegur ásamt því að legja hans breytist. Hann tengist inn á Lakaveg (F 206) við Galta en núverandi vegslóði sem liggur upp á öxl Blængs um þröng og torffarin gil sem eru að hluta til innan friðlýst landsvæðis verður lagður af. Nýi hluti fjallvegarins verður um jökulgarð á tiltölulega sléttu landi.
2. Gerðar eru breytingar á kafla 13.4.6 Gönguleiðir, breyting á leið 4. Hólaskjól-Eldgjá- Skælingar- Sveinstindur- Lakagígur- Blágil. Skoða þarf möguleika á að byggja göngubrú eða kláf yfir Skaftá á mótis við Uxatinda. Gönguleiðin er færð frá viðkvæmu svæði við Kamba.
3. Gerð er breyting á kafla 13.5 Ferðamál. Í kafla 13.5.3 Skálar er gerð breyting á skálasvæði, 1. Blágil, gert er ráð fyrir að núverandi skálasvæði verði fært um flokk og skráð sem fjallasel. Í Blágiljum verður aðstaða og dvalarsvæði landvarða og tjaldsvæði.
4. Í kafla 13.5.3 Skálar er gert ráð fyrir nýju skálasvæði við Galta þar sem gert er ráð fyrir að hafa upplýsingamiðstöð með móttöku ferðamanna, aðstöðu landvarða og snyrtiaðstöðu.

1.4 Kynning og samráð

Breyting á aðalskipulagi Skaftárhrepps hefur verið kynnt fyrir:

1. Stjórn Skaftafellspjódgarðs sem fjallaði um breytinguna á fundi sínum 19. september 2007 og var hún samþykkt samhljóða.
2. Samvinnunefnd svæðisskipulags Miðhálandisins og var niðurstaða hennar að tillagan stuðli að betra aðgengi og færi umferð frá viðkvæmri náttúru. Á fundi nefndarinnar 6. mars 008 var bókað um breytingu á leiðbeiningum um skilgreiningar landnotkunar í aðalskipulagi "*Reiðleiðir, Í aðalskipulagi þarf að ákveða allar megin reiðleiðir á miðhálandinu. Í aðalskipulagi verði gert ráð fyrir áningahólfum á meginreiðleiðum með 10-15 km millibili þar sem aðstaður leyfa. Ákvarðanir um legu nýrra mannvirkja tengd helstu reiðleiðum falla undir flokk annarra mannvirkja, sjá að ofan.*
3. Umhverfisstofnun, sbr. bréf frá stofnuninni dags. 20.09 2007. Ábendingar voru um að gera þurfi ráð fyrir frekari uppbyggingu fyrir landverði í Blágili, settar verði reglur um hestaumferð m.a. að hestar verði í taumi. Að staðið verði að veglagningu þannig að hún hafi sem minnst umhverfisáhrif og að þjónustumiðstöð við Galta verði lágreist og skeri sig eins lítið úr umhverfinu og mögulegt er.



4. Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, sbr. bréf frá eftirlitinu dags. 6.09.2007 gerir ekki athugasemdir enda verði farið að reglum við uppbyggingu þjónustusvæða m.a vegna vatnverndar, fráveitumála og annarra hollustuháttamála.
5. Vegagerðinni, sbr. bréf frá þeim dags 08.10.2007 og gerir hún ekki athugasemdir við skipulagstillöguna. Bendir þó á að flokkun vega á svæðinu sé frábrugðin flokkun vegalaga þar sem flokkurinn landsvegir nær til allra þeirra vega sem eru í umsjá Vegagerðarinnar á þessu svæði og ítrekar að vegur verði ekki sjálfkrafa landsvegur þó hann sé sýndur skipulagsupprætti.

Umhverfisskýrslan var kynnt á íbúafundi á Kirkjubæjarklaustri 10. mars 2008 og verður auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps.

2. Náttúrufar og stofnum þjóðgarðs

2.1 Náttúrufar

Jarðfræði. Öldótt og létt hallandi háslétta með stökum móbergsfjöllum, þakin hraunum og síðkvarteru grágrýti með jökulbergslögum og öðru seti í stafnanum. Lakagígar er nærri 30 km löng gígaröð frá nútíma með yfir 100 gíghóla, sumir allt að 100 m háir. Skaftáreldahraun frá 1783 þekja stóran hluta svæðisins og falla niður um dali Skaftár og Hverfisfljóts. Grýttir melaásar, gróðurfljesjur og úfið, mosagróið hraunið sem er einkennandi í áferð lands.

Vatnafar. Fremur lítið afrennsli er á yfirborði, helst til Hverfisfljóts, Geirlandsá og Hellisár. Lindavatn mest til Skaftár. Helstu stöðuvötn eru Kambavatn og Lambavatn milli Lakagíga og Kamba. Helstu lindavötn tengjast umræddum hraunum og hafna í Skaftá.

Gróður og dýralíf. Meirihluti svæðisins eru lítt gróin hraun og fjöll. Mosaþembur þekja þó stór samfelld svæði eins og við Lakagíga. Þær eru oft gisnar og í þeim er háplöntuþekja yfirleitt lítil. Á stöku stað þar sem rekju er að finna er stinnastaramói og einstaka votlendisblettir. Gróður vex fremur hægt á svæðinu og stendur því ekki undir ríkulegu smádyra- og fuglalífi. Þarna verpa þó nokkrar fuglategundir, svo sem sólskríkja, steindepill, smyrill, heiðlóa, sendlingur og þúfutittlinur. Lómur verpir við Lambavatn og þar er eitthvað af silungi. Refur er eina villta spendýrið sem lifur á svæðinu.

2.2 Vatnajökulsþjóðgarður.

Lakasvæðið er innan Vatnajökulsþjóðgarðs sem fyrirhugað er að stofna á fyrri hluta árs 2008. Markmiðið með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er að vernda landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar svæðisins og gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru þess og sögu. Auðvelda skal almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist og veita fræðslu um náttúru, sögu og mannlíf svæðisins.



Verndarstig einstakra svæða eða landslagsheilda innan Vatnajökulsþjóðgarðs skal taka mið af verndarmarkmiðum þjóðgarðsins og annarri landnýtingu á viðkomandi svæði í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir um þjóðgarða og friðlýst svæði.

3. Umhverfismat

3.1 Umfang og áherslur umhverfismats

Vinna við umhverfisskýrslu vegna aðalskipulagsbreytinganna var unnin af Landmótun sf. Ekki var farið í sérstakar rannsóknir vegna vinnu við umhverfismat heldur var stuðst við upplýsingar sem fengnar eru úr greinargerðum vegna aðalskipulags Skaftárhrepps, Svæðisskipulags Miðhálandisins, breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps og ábendingum umsagnaraðila sbr. kafli 1.4. Til að meta áhrifin voru eftirfarandi viðmið höfð til grundvallar matinu.

- ? Lög nr. 60/2007 um Vatnajökulsþjóðgarð.
- ? 1. og 37 gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 um markmið og sérstaka vernd einstakra jarðmyndana og vistkerfa.
- ? Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020. Vísað er til kafla II. Markmið og leiðir, 5. Útivist í sátt við náttúruna og 8. Verndun sérstæðra jarðmyndanna.
- ? Aðalskipulag Skaftárhrepps 2002-2014, kafli 3.10 náttúruverndarsvæði, kafli 3.13 um hverfisvernd og kafli 3.14 um samgöngur.
- ? Bernarsamningur um villtar plöntur og dýr og þá sér í lagi bent á gildi jarðfræðilegrar fjölbreytni.
- ? 1. gr skipulags- og byggingarlaga um markmið laganna.

3.2 Umhverfisáhrif og samanburður á kostum

Við greiningu á þeim þáttum sem hugsanlega geta orðið fyrir umhverfisáhrifum var ákveðið að meta eftirfarandi umhverfisþætti:

- ? Landslag og sjónræn áhrif.
- ? Áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir.
- ? Áhrif á flóru og gróður.
- ? Áhrif á hverfisverndarsvæði.
- ? Áhrif á útivist og ferðamennsku.
- ? Áhrif á landnotkun, samfélag og öryggismál.

Gerð er grein fyrir umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af skipulagsbreytingunum og þeim mótvægisáðgerðum sem fyrirhugaðar eru. Þar sem




eðli breytinganna er mismunandi þá er valið úr hvaða þættir eru skoðaðir í hverju tilfalli. Samanburður er gerður á tillögu að breytingu miðað við núllkost. Núllkostur í þessu tilfalli er fyrirliggjandi skipulagsáætlun. Aðrir valkostir eru ekki taldir koma til greina.

1. Núverandi verslunar og þjónustusvæði (V10) við Blágil verður dvalarstaður landvarða og tjaldsvæði. Í gildandi aðalskipulagi var staðurinn ætlaður sem helsti áningarstaður við aðalaðkomuleið inn á Lakasvæðið.
Með þessari breytingu er leitast við að beina ferðamannagistingu frá hálandinu. Í almennri stefnumörkun svæðisskipulags Miðhálandisins er lagt til að takmarka uppbyggingu á ferðamannaádstöðu á hálandinu og beina henni að jaðarsvæðunum og í byggð. Breytingin hefur áhrif á landslag og sjónræn áhrif þar sem dregið er úr þeim byggingaráformum sem voru fyrirhugaðar á þessu stað. Áhrif á ferðamennsku eru þau að gisting er færð til byggða og álag á svæðið minnkar.
2. Nýtt verslunar og þjónustusvæði (V11) er staðsett á Galta. Þar verður upplýsingamiðstöð með móttöku landvarða, snyrtiaðstaða en engin gisting.
Galti er á suðurmörkum þjóðgarðsins í betri tengslum við megin aðkomuleið að Lakagígum heldur en Blágil. Þaðan blasir vestari gígaröðin við og frá þeim stað er mögulegt að koma á framfæri aukinni upplýsingamiðlun og skipuleggja ferðir fyrir gesti. Með því móti er minna álag innan þjóðgarðsmarkanna. Breytingin hefur áhrif á landslag og sjónrænt því svæðið er ósnortið í dag. Náttúra þjóðgarðsins er viðkvæm fyrir átroðningi og ef takmarka þyrfti umferð um svæðið er mikilvægt að þjónustustöðin verði staðsett á aðgengilegum stað sem er jákvætt m.t.t. verndunar og öryggismála. Til mótvægis er gert ráð fyrir að staðsetning upplýsingarmiðstöðvarinnar verði felld að landslagi og því eru áhrif á umhverfi talin verða óveruleg.
3. Nýr tengivegur er skilgreindur frá Galta að slóða vestan við Laufbalavatn og þaðan eftir núverandi slóða sem liggur að Miklafelli. *Vegstæðið liggur um jökulöldu þar sem hækkun frá Laufbala að Galta er einungis um 40m. Hægt er að leggja veginn í landið án uppbyggingar og því yrði hann ekki áberandi í landslaginu. Svæðið er skilgreint sem hverfisverndarsvæði og er vegstæðið í jaðri þess á svæði sem er fremur einsleitt og ekki eins viðkvæmt og landslagsheildin sem hverfisverndin nær til. Með því að leggja þennan veg er hægt að loka vegslóða sem liggur upp í öxl Blængs þar sem eru þröng og torfarin gil. Með nýju leiðinni skapast hringleið sem eykur á fjölbreytileika, dreifir álagi og bætir öryggi.*



Ljósmynd: Helga Davíðs

4. Núverandi vegslóði um þröng og torfarin gil við Blæng verður lagður af. *Slóðin liggur að hluta til eftir friðlýstu svæði og hluta til á hverfisverndarsvæði. Niðurfelling slóðans hefur jákvæð áhrif á landslag og gróðurfar.*





5. Ný reiðleið fylgir tengiveginum frá Galta að reiðleið vestan við Laufbalavatn. *Reiðleiðin gefur möguleika á styttri hringleið heldur en ef farið er um Blæng og fer um svæði sem er ekki eins viðkvæmt. Breytingin er talin hafa jákvæð áhrif á ferðamennsku.*
6. Nýjar gönguleiðir eru skilgreindar frá Þjónustuhúsi á Galta að Blágiljum og að Tjarnargíg. *Fyrri leiðin er eftir lítt notaðri smalaslóð og sú síðari eftir gönguslóða. Styrking þessara gönguleiðar er liður í því að beina göngufólki í ákveðinn farveg frá viðkvæmum gróður- og hraunsvæðum og hefur því jákvæð áhrif á jarðmyndanir, gróður og eykur fjölbreytileika í útivist.*
7. Gönguleið sem þverar Skaftá er færð frá kláf sunnan við Sveinstind suður fyrir Uxatinda með göngubrú sem tengist betur gönguleiðum vestan Skaftár. *Með því er gönguleiðin færð frá viðkvæmu hrauni með mosapembu við Kamba og hefur því tilfærslan jákvæð áhrif á gróður og jarðmyndanir. Gönguleið á móts við Uxatinda er liggur eftir fjárgötum í mosa- og lyngvöxnu umhverfi á bakka Sandár að Skaftá og kallar því ekki á jarðrask. Brúar eða kláfstæði á móts við Uxatinda betra m.t.t. snjófargs og er því jákvæðari m.t.t. öryggismála. Áhrif á útivist og ferðamennsku er jákvæð því gönguleiðin tengist vel gönguleiðinni Sveinstindur-Skælingar-Lambaskarðshólar-Eldgjá og gistiaðstöðu í Hrossatungu.*

3.4 Mótvegisaðgerðir, verndaráætlun og vöktun

Mótvegisaðgerðir við breytingunum felast í:

- ? Tilfærslu á gönguleiðum frá viðkvæmum gróður og hraunasvæðum.
- ? Niðurfelling á hringleið um torfarið og viðkvæmt svæði.
- ? Betri hringleið dreifir umferð og bætir öryggi.
- ? Dregið er úr uppbyggingu á hálendinu með áherslu á uppbyggingu á jaðarsvæðum og í byggð.

Samkvæmt 12. gr. laga um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60 frá 2007 er gert ráð fyrir að unnin skuli verndaráætlun fyrir Vatnajökulspjóðgarð. Í verndaráætlun skal gerð grein fyrir markmiðum verndar á einstökum svæðum innan Vatnajökulspjóðgarðs, einstökum verndaraðgerðum, landnýtingu og mannvirkjagerð, vegum, reiðstígum, göngubrúum og helstu gönguleiðum, umferðarrétti almennings, aðgengi ferðamanna að svæðinu og veiðum.

Í 13 gr er fjallað um réttaráhrif verndaráætlunar og þar segir.

“Sveitarstjórnir eru bundnar af efni verndaráætlunar við gerð skipulagsáætlana fyrir landsvæði innan Vatnajökulspjóðgarðs. Mannvirkjagerð, stíga- og slóðagerð og hvers konar efnistaka innan Vatnajökulspjóðgarðs er einungis heimil ef gert er ráð fyrir henni í verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn. Í verndaráætlun er heimilt að setja skilyrði um hvernig

framkvæmdum skuli háttað og um eftirlit með þeim til að tryggja að framkvæmdir raski ekki að óþörfu lífríki, jarðmyndunum, vatnafari eða landslagi í Vatnajökulspjóðgarði.

Verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs mun því jafnframt nýtast sem vöktunaráætlun fyrir svæðið.

3.5 Samantekt og niðurstaða

Markmið breytinganna er að bæta aðgengi fyrir ferðamann með betri vegum, merktum gönguleiðum, áningastöðum og upplýsingamiðlun. Stuðlað er að verndun náttúru og umhverfis með því að stýra hvert fólki er beint innan svæðisins.

Megin áhrif breytinganna er metin jákvæð vegna flutnings vegstæðis frá viðkvæmri náttúru. Nýtt vegstæði opnar fyrir möguleika á hringtengingu sem getur eitt sér dregið úr umferð. Gera má ráð fyrir að umferð aukist með bættum vegi. Áhrif á hljóðvist eru ekki talin í hættu innan friðlýstra svæða.

Valin er staðsetning skálasvæðis þannig að mannvirki falli að landslagi og áhrif á umhverfi eru talin verða óveruleg.

Niðurstaða þessarar samantektar er að umhverfisáhrifum skipulagsbreytinganna stuðli að betra aðgengi og færi umferð frá viðkvæmri náttúru. Þrátt fyrir að sýna megi fram á neikvæð umhverfisáhrif vegna vegagerðar og staðsetningar á þjónustumiðstöð telur Sveitarstjórn Skaftárhrepps þau óveruleg þar sem að jákvæð áhrif og mótvægiságerðir vegi upp á móti neikvæðum umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð skipulagsbreyting samræmist markmiðum sveitarfélagsins um að stuðla að sjálfbærri þróun í umhverfis- og atvinnumálum

Settur er fyrirvari um að framkvæmdir við Galta, þjónustumiðstöðvar á hálendi sem er tilkynningarskyld framkvæmd sbr. Lið 12 d í 2. viðauka, laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.